

Alþingi
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 8. júní 2012

Varðar: framhaldsumsögn um 698. mál (greiðsluaðlögun)

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) hafa þegar sent umsögn um framangreint frumvarp og óska eftir að fá að koma á framfæri viðbótarathugasemdom til nefndarinnar eftir að hafa kynnt sér frumvarpið enn betur. Innan aðildarfélaga SFF eru skiptar skoðanir um 4. gr. frumvarpsins þar sem segir;

2. mgr. 11. gr. laganna orðast svo:

Meðan á frestun greiðslna stendur skulu kröfur einungis bera almenna vexti, sbr. lög um vexti og verðtryggingu, sem þær hefðu borið hefði ekki komið til vanefnda af hálfu skuldara en vextirnir eru ekki gjaldkræfir. Jafnframt skulu kröfur ekki bera dráttarvexti á þessum tíma.

Afstaða váttryggingafélaga

Samkvæmt 4. gr. frumvarpsins skulu kröfur einungis bera almenna vexti, sbr. lög um vexti og verðtryggingu, sem þær hefðu borið hefði ekki komið til vanefnda af hálfu skuldara en vextirnir eru ekki gjaldkræfir. Jafnframt skulu kröfur ekki bera dráttarvexti á þessum tíma.

Váttryggingafélög innan SFF leggjast gegn þessari breytingu sem rýrir verulega réttarstöðu tryggingafélaga þar sem engir vextir munu reiknast á kröfur þeirra sem byggja á lögveðum. Slíkar kröfur eru fyrst og fremst iðgjaldakröfur vegna lögboðinna brunatrygginga. Framkvæmdin í dag er á þá leið að dráttarvextir eru reiknaðir á vanefndar kröfur af þessu tagi þar til greiðslur hafa verið inntar af hendi. Váttryggingafélögin hafa deilt um þessar vaxtakröfur við umboðsmanns skuldara án þess þó að niðurstaða hafi fengist í málið enn sem komið er og telja félögin eðlilegra að málið haldi áfram í þeim farvegi þar til lausn fæst á þeim vettvangi eða a.m.k. að breyting verði ekki gerð á lögnum nema í góðri samvinnu við hagsmunaðila svo hægt sé að fá ásættanlega niðurstöðu í málið.

Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á því að ef umrædd tillaga nærði fram að ganga yrði um að ræða vaxtaleysi slíkra krafna ef viðkomandi skuldari er í almennri greiðsluaðlögun á grundvelli laga nr. 101/2010 en slíkar kröfur bæru hins vegar verðtryggingu og almenna vexti, (svonefnda SI-vexti, þ.e. vexti

skv. 4. gr. vaxtalaga), ef skuldari er í ferli skv. lögum nr. 50/2009 um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði, sbr. 2. málslíð 1. mgr. 6. gr. þeirra laga. Að því leyti yrði um að ræða óæskilegt og óeðlilegt laga ósamræmi.

Tryggingafélögin standa skil á opinberum gjöldum sem eru innheimt samfara brunatryggingunni, þrátt fyrir að ekki berist greiðsla frá viðskiptavinum og í raun er iðgjaldið minnsti hluti heildarkröfunnar. Þá er einnig ýmis innheimtukostnaður sem fylgir þessum kröfum sem erfitt er að ná til baka og því ekki óeðlilegt að krafan beri dráttarvexti.

Afstaða viðskiptabanka

Viðskiptabankar innan SFF leggjast ekki gegn breytingunni þar sem þeir líta svo á að samkvæmt a. lið 1. mgr. 11. gr. er kröfuhöfum óheimilt á meðan tímabundin frestun greiðslna stendur yfir, að krefjast eða taka við greiðslu á kröfum sínum sem og skv. b. lið 1. mgr. 11. gr. að gjaldfella skuldir eftir samningsbundnum heimildum. Hafa viðskiptabankarnir lítið svo á að ákvæði 11. gr. geri það að verkum að óheimilt sé að reikna dráttarvexti á þær kröfur sem heyra undir greiðsluaðlögunina á meðan frestun greiðslna stendur, enda er skuldara með þessu gert ókleift að greiða af skuldbindingum sínum jafnvel þótt hann hafi greiðslugetu til þess að heild eða að hluta.

Í 2. mgr. 11. gr. segir að „Vextir falla á skuldir á meðan frestun greiðslna stendur en þeir séu ekki gjaldkræfir.“ Samkvæmt ákvæðinu má álykta að skuldari verður ekki krafinn um þá vexti sem falla á kröfuna á meðan frestun greiðslna stendur en óljóst er á hvaða tímapunkti það er heimilt. Hins vegar segir í 2. mgr. 21. gr. að efndir kröfu í samræmi við samning um greiðsluaðlögun hafi sömu áhrif og ef krafan hefði verið efnd eftir upphaflegu efni sínu.

Ef taka þarf mið af stöðu krafna líkt og þær eru með áföllnum dráttavöxtum á greiðsludegi má gera ráð fyrir að uppreikna þurfi allar kröfur þar sem sama hlýtur að gilda um alla kröfuhafa. Í frumvarpinu er m.a. lagt til að afnema vísitölutengingu mánaðargreiðslna og er það einkum vegna þess að reynslan hefur sýnt að skuldarar í greiðsluaðlögun hafa lítið svigrúm til að standa undir hærri greiðslum, en jafnframt til þess að einfalda greiðslumiðlun og að kröfuhafar geri sér betur grein fyrir því hvaða greiðslum þeir eiga rétt á skv. samningnum. Verði farin sú leið að uppreikna allar kröfur m.v. áfallna dráttarvexti á greiðsludegi mun gagnsæi samninganna minnka, forsendur kröfuhafa við mat á frumvörpum í einhverjum tilvikum bresta og skilvirkni við miðlun greiðslna í greiðsluaðlögun minnka enda mun þá vinna við greiðsluaðlögin stórauðkast. Þetta síðast nefnda atriði yrði fyrst og fremst á kostnað þeirra sem sjá um greiðslumiðlunina.

SFF eru hvenær sem er tilbúin að koma á fund nefndarinnar til að útskýra sjónarmið sín nánar.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka fjármálafyrirtækja



Vigdís Halldórsdóttir, lögfræðingur

